

Hafnarfjörður 30. apríl 2018

Svar við erindi skólastjóra grunnskóla

Fræðsluráði og sviðsstjóra- fræðslu- og frístundarþjónustu barst erindi skólastjóra grunnskóla Hafnarfjarðar 30. október sl. með ósk um aukið hlutfall í stjórnun skólanna. Þar er óskað eftir heimild til að ráða deildastjóra stoðþjónustu og skrifstofustjóra við hvern grunnskóla (sjá rökstuðning í erindi skólastjóra).

Deildastjórar stoðþjónustu

Við úthlutun fyrir skólaárið 2018- 2019 hefur farið fram úttekt á hlutfalli sjórnunar í hverjum skóla fyrir sig og nýting á úthlutun sérkennslukvóta. Ljóst er að ígildi deildastjóra stoðþjónustu er í öllum grunnskólum bæjarins þótt ekki sé úthlutað sérstaklega til þess. Hver og einn grunnskóli hefur farið sýnar leiðir til að ráða inn deildastjóra stoðþjónustu m.a með nýtingu sérkennsluúthlutunar, bókasafnstímum ofl.

Fræðslusjóri leggur til að stöðugildið verði samþykkt og sett inn í úthlutunarlíkan til grunnskóla og starfið viðurkennt innan hvers skóla fyrir sig. Mikilvægt er að allir grunnskólar standi jafnfættis hvað varðar stoðþjónustu, stjórnun hennar og umsýslu. Auk þess er nauðsynlegt að úthlutun til stjórnunar hafi ekki áhrif á aðra starfsemi innan skólanna.

Eftir yfirferð á stjórnun skólanna þarf viðbót sem nemur 0,1 – 0,5 stöðugildi við fimm skóla af átta. Viðbótin hefur þau áhrif að fjölgun verður á sérkennslutímum í þeim skólum sem um ræðir þar sem sérkennsluúthlutun hefur að nokkru leyti verið nýtt í þessa stöðu.

Kostnaður við þessa viðbót er 40 millj. á fjárhagsári og þar með 20 millj. á þessu fjárhagsári.

Skrifstofustjórn

Grunnskólastjórar óska einnig eftir að samþykkt verði að ráða inn skrifstofustjóra í hvern grunnskóla þar sem mikið álag og ábyrgð fylgir því að stýra skrifstofum skólanna. Undanfarin



HAFNARFJÖRÐUR

ár hefi aukin ábyrgð á starfsmannahaldi, fjármálastjórn og rekstri færst til skólanna án þess að starfsmannahald á skrifstofum þeirra endurspegli þetta aukna umfang verkefna.

Mannauðsdeild og fræðsluþjónusta hafa unnið að því í vetur að skilgreina hlutverk stjórnenda skólanna og kalla eftir strfslýsingum frá grunnskólum. Starfslýsing ritar grunnskólanna fer í starfsmat í júní og mun Hafnarfjarðarbær þá fá í framhaldinu skýrari mynd af starfinu svo ákvarða megi umfang þess frekar. Nauðsynlegt er að hlutverk stjórnenda skólanna og starfsmanna á skrifstofum liggi fyrir áður en ákvörðun um þessa viðbót er tekin.

Fræðslustjóri hefur kynnt sér þessi stöðugildi í nágretta sveitarfélögum og þar er oftast samþykkt fyrir deildastjórum stoðþjónustu en sjaldnar fyrir skrifstofustjórum í grunnskólum.

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir.

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundarþjónustu.